

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 54/1995, skráningu, eftirlit og umsjón með lyftum og lyftubúnaði til fólks og vöruflutninga.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 3. tölul. 6. gr. reglugerðarinnar kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Þrátt fyrir framangreint er nægilegt að í samningi sé gert ráð fyrir að lyfta sé þjónustuð einu sinni á ári þegar um er að ræða hjólastólalýftu.

2. gr.

Við 1. málsl. 1. tölul. 8. gr. reglugerðarinnar bætist: eða þegar um er að ræða hjólastólalýftur.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem og 47. og 48. gr. laganna, öðlast þegar gildi.

Félags- og húsnæðismálaráðuneytinu XX. XX. 2026.

Ragnar Þór Ingólfsson